



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS
DELTA KAPPA GAMMA

Frá forseta landssambandsins.

Ágætu DKG formenn.

Nú er vetur genginn í garð, og óska ég ykkur öllum gæfu og gengis í vetrarstarfinu.

Það er aðeins vika til stefnu í greiðslulok félagsgjalda. Samkvæmt 4. lagagrein lið E. stendur: Árleg gjöld skal greiða fyrir 31. október ár hvert. Hafi félagskona ekki lokið greiðslum fyrir þann tíma fellur hún út af félagaskrá. Svo mörg voru þau orð.

Örugglega eiga margar félagskonur eftir að greiða gjöldin, þar sem allar deildirnar eru rétt að fara af stað með vetrarstarfið og einnig hafa alls ekki allar deildarkonur getað mætt á fyrsta fundinn. Það er eins og gerist og gengur. Heldur eru ekki allar deildir búnar að halda sinn fyrsta fund, en gjaldkerarnir gætu sent reikningsnúmer á deildarkonur sem leggja má inn á. Gjaldkerar þurfa síðan að hafa samband við gjaldkera landssambandsins Guðbjörgu Sveinsdóttur úr þeta deild. gugga@mitt.is. fyrir 10. nóvember.

Það er gaman að skoða vetrarundirbúning deildanna á netinu. Fullt af spennandi hlutum að gerast. Þær deildir sem ekki hafa fært inn á netið dagsetningar vetrarstarfsins ættu að drífa í því. Munið að deildirnar eru allar opnar fyrir félagskonum, verum í góðu sambandi og vinnum saman. Kíkið á vefinn og hafið samband við Eygló Björnsdóttur vefstjórann eyglob@unak.is. Sendið til hennar fréttir úr starfinu.

Ég minni líka á alþjóða- og Evrópuvefinn.

Minnið ykkar konur á New York.

Með góðum óskum og systrakveðjum,

Sigríður Ragna Sigurðardóttir

forseti landssambandsins